



JARÐSKJÁLFTASETUR Á KÓPASKERI

SKJÁLFTAFÉLAGIÐ
-FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM
JARÐSKJÁLFTASETUR Á KÓPASKERI-

OKTÓBER 2007

SAMANTEKT

Á árinu 2006 kom sú hugmynd fram að koma á fót jarðskjálftasetri á Kópaskeri. Hugmyndin byggir á því að skapa aðdráttarafl fyrir ferðafólk á Kópaskeri með því að nýta sér einstæðar jarðfræðilegar aðstæður og merka sögu í tengslum við jarðskjálfta.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Þekkingarsetur Þingeyinga hafa komið að undirbúningi þessa verkefnis í samvinnu við frumkvöðlana á Kópaskeri. Stefnt er að stofnun Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri í upphafi árs 2008.

Vonir standa til þess að Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri muni hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, bæði innlenda og erlenda, en mikil vöntun hefur verið á starfsemi eða viðburði á Kópaskeri sem hefur verulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Lýkilforsendur fyrir því að staðsetja jarðskjálftasetur á Kópaskeri:

- *Einstök staðsetning* Kópaskers á skilum Ameríku- og Evrópuflekanna
- Sögufraegur jarðskjálfti, *Kópaskersskjálftinn*, árið 1976
- *Mannauður* á Kópaskeri
- *Nálægð við* og *samlegð með Þjóðgarðinum við Jökulsárgljúfur*
- Vöntun á starfsemi/afþreyingu með *aðdráttarafl* fyrir ferðamenn

Ráðgert er að byggja Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri upp í 3 áföngum:

1. og 2. áfangi snúast um stofnun Jarðskjálftasetursins, þróun og uppbyggingu á árunum 2008-2010.

Í 3. áfanga verður Jarðskjálftasetrinu fundið húsnæði til metnaðarfullrar starfsemi til framtíðar.

Kostnaður við stofnun og rekstur 1. áfanga Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri skiptist með eftirfarandi hætti:

Kostnaður 1. áfanga	ísl. kr.
Laun og launatengd gjöld	5.580.000 kr.
Sýningargögn (prentun, uppsetning)	730.000 kr.
Húsnæði (leiga, breytingar, rekstur)	1.300.000 kr.
Tæki og búnaður	900.000 kr.
Samtals	8.510.000 kr.

Fjármögnun 1. áfanga	ísl. kr.
Ríkissjóður (fjárlaganefnd)	7.000.000 kr.
Aðrir styrkir	1.510.000 kr.
Samtals	8.510.000 kr.

Sótt er um fjárveitingu til fjárlaganefndar að upphæð kr 7.000.000

Október 2007

Skjálftafélagið – félag áhugafólks um
Jarðskjálftasetur á Kópaskeri

Atvinnubrúunarfélag Þingeyinga
Þekkingarsetur Þingeyinga
Norðurþing

Ábyrgð/ritstjórn greinargerðar:
Þekkingarsetur Þingeyinga - Óli Halldórsson

INNGANGUR.....	1
JARÐSKJÁLFTASETRIÐ Á KÓPASKERI	2
JARÐSKJÁLFTAR OG KÓPASKER?	5
ÁVINNINGUR	6
SAMSTARF	7
FJÁRHAGUR.....	8

INNGANGUR

Á árinu 2006 kom sú hugmynd fram að koma á fót jarðskjálftasetri á Kópaskeri. Frumkvæði að umræðunni kom úr heimahéraði frá Benedikt Björgvinssyni, gistihúsrekanda á Kópaskeri. Hugmyndin þróaðist fljótt, með aðkomu Ragnars Stefánssonar, jarðskjálftafræðings og formanns samtakanna *Landsbyggðin lifir*, að málinu, í átt að uppbyggingu jarðskjálftasýningar eða jarðskjálftaseturs á Kópaskeri. Hugmyndin var kynnt fleiri aðilum á Kópaskeri haustið 2006 og borin upp við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Þekkingarsetur Þingeyinga. Árið 2007 var verkefnið sett í undirbúningsfarveg í samstarfi við þessar stofnanir.

Hugmyndin byggir að grunni til á því að nýta einstæðar jarðfræðilegar aðstæður og merka sögu í tengslum við jarðskjálfta til eflingar byggðarlagsins. Hvatinn að þessari hugmynd er ekki síst sá að á Kópaskeri hefur verið mikil vöntun á starfsemi eða viðburði sem hefur verulegt aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Stóraukinn ferðamannastraumur um Þingeyjarsýslur á undanförmum árum hefur einskorðast að mestu leyti við Húsavík, Mývatn og Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur, en mjög lítið náð austur fyrir Jökulsá á Fjöllum.

Stofnað hefur verið félag um verkefnið, þ.e. *Skjálftafélagið, félag áhugafólks um Jarðskjálftasetur á Kópaskeri*. Félagið er starfrækt á Kópaskeri og er vettvangur áhugafólks um eflingu byggðar og aukningu ferðafólks með stofnun jarðskjálftaseturs.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Þekkingarsetur Þingeyinga hafa komið að undirbúningi þessa verkefnis í samvinnu við sveitarfélagið Norðurþing og frumkvöðlana á Kópaskeri. Einnig hefur verið haft samráð við Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðing sem veitir verkefninu faglega ráðgjöf.

Stefnt er að stofnun Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri með opnun sumarsýningar árið 2008.

JARÐSKJÁLFTASETRIÐ Á KÓPASKERI

Markmið

- Að hagnýta jarðfræðilega sérstöðu Kópaskers, sem nyrsta þorps á mótum Ameríku- og Evrasíuflekanna, til eflingar byggðar.
- Að afla þekkingar um jarðfræði Melrakkaslétta og Öxarfjarðar, hraun sprungur og eldgos.
- Að afla þekkingar um jarðskjálftann á Kópaskeri 13. janúar 1976 og upplifun fólks af skjálftanum og afleiðingum hans.
- Að nýta þekkingu um jarðfræði og jarðskjálftasögu Kópaskers og nágrennis til að auka á upplifun ferðamanna í héraðinu.
- Að miðla með sýningu þekkingu um jarðfræði og jarðskjálftasögu svæðisins til ferðafólks, heimafólks og fræðimanna.
- Að skapa vettvang til eflingar rannsókna og skrifa um jarðfræði svæðisins.
- Að stuðla að auknum fjölda ferðafólks í Norður-Þingeyjarsýslu.

Starfsemi

Starfsemi Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri mun fyrst og fremst felast í uppbyggingu og rekstri sýningar sem byggir á Kópaskersskjálftanum, afleiðingum hans og jarðfræði nærsvæðisins.

Sýningin mun byggja á upplýsingum um Kópaskersskjálftann og jarðfræði svæðisins bæði með myndrænum hætti og á textaformi. Prentuð verða stór veggspjöld með ljósmyndum, blaðaúrklippum, kortum og skýringarmyndum og verður texti settur fram samhliða á 2-3 tungumálum. Einnig er ráðgert að sýna kvikmyndir og hljóðupptökur frá Kópaskersskjálftanum. Leitast verður við að hafa sýninguna lifandi eins og kostur er með áhugaverðri tækni og aðferðum. M.a. er stefnt að því að koma upp skjálftaklefa, með "sýndarjarðskjálfta" fyrir sýningargesti.

Auk þess að þróa metnaðarfulla sýningu um jarðskjálfta og jarðfræði svæðisins mun Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri sjá um að útbúa kynningarefni um gönguleiðir í nágrenni Kópaskers og beita sér fyrir því að slíkar leiðir verði merktar eftir þörfum. Dæmi um staði sem hægt væri að nýta til gönguleiða eru t.a.m. Röndin við Kópasker, Rauðinúpur, frá Núpskötlum og um Presthólhraun.

Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri mun einnig leitast við að styðja við rannsóknastarf og hvetja til skrifa um jarðfræði svæðisins í samvinnu við fagaðila, t.a.m. Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands.

Uppbygging-áfangaskipting

Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri verður byggt upp í 3 áföngum. Það verður stofnað með 1. áfanga sumarið 2008 og er ráðgert að vinna við 2. og 3. áfanga hefjist samhliða rekstri sýningar sama ár. Áfangaskipting verður í meginatriðum með eftirfarandi hætti:

1. áfangi

Tími:	2007, sept.-des.	Fjármögnun, stofnun Skjálftafélagsins
	2008, jan.-maí:	Undirbúningur og þróun sýningar
	júní-ág.:	Rekstur jarðskjálftasýningar

Í ársbyrjun 2008 hefst undirbúningur að stofnun jarðskjálftasýningar. Sýningin verður stofnsett að sumri 2008 og verða mánuðirnir fram að sumri notaðir til að móta sýninguna og hanna og útbúa sýningarefni.

Í fyrsta áfanga verður sýningin takmörkuð við skjálftann 1976, Kópasker og næsta nágrenni. Sýningin verður útbúin með eftirfarandi hætti:

- 15 - 25 stór veggspjöld með ljósmyndum, skýringartexta, blaðaúrklippum o.s.frv.
- 5 - 10 skýringarmyndir með auðskildum útskýringum og fræðitexta.
- 1 - 5 yfirlitskort af ummerkjum og gönguleiðum þangað.
- Útgáfa bæklinga með samandregnum upplýsingum um skjálftann og sýninguna.
- Tölvusýning með skjávarpa með myndbrotum sem tengjast skjálftanum ásamt 5-10 nýjum viðtölum við fólk sem upp upplifði Kópaskersskjálftann á sínum tíma.

Í fyrsta áfanga er horft til þess að starfrækja sýninguna í bráðabirgðahúsnæði í Grunnskólanum á Kópaskeri. Grunnskólinn á Kópaskeri er um margt sérstök og áhugaverð bygging. Byggingin er staðsett í hjarta Kópaskers og blasir við gestum þegar komið er inn í þorpið. Skólinn er byggður í sérstæðum og fallegum stíl og er mjög áberandi bygging. Aðgangur að miðsvæði skólans, sem er nokkurs konar gryfja, ásamt andyri gæti hentað vel undir sýningu af þessari stærðargráðu. Ráðgert er að hafa sýninguna opna alla daga vikunnar frá júníbyrjun til ágústloka.

Í fyrsta áfanga er þörf á 1-3 starfsmönnum, eftir árstíma. Í fyrsta lagi þarf starfsmann í ársbyrjun til að undirbúa og þróa sumarsýninguna. Þar verður um n.k. verkefnastjóra að ræða. Í öðru lagi þarf svo starfsfólk til að starfa við sýninguna að sumri og er gert ráð fyrir 2 starfsmönnum til þess. Að auki má gera fyrir að kaupa þurfi þjónustu ýmissa sérfræðinga í ákveðin verkefni.



Grunnskólinn á Kópaskeri. Líklegt bráðabirgðahúsnæði Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri (1. og 2. áfangi).

Gert er ráð fyrir að hýsa Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri til bráðabirgða í húsnæði grunnskólans á Kópaskeri á meðan framtíðarhúsnæði er valið.

2. áfangi

Tími:	2008, sept.-des.	
	2009, jan.-maí.	Frekari heimildaöflun og þróun sýningar
	2009, júní-ág.	Rekstur veigameiri jarðskjálftasýningar

Í öðrum áfanga verður farið í frekari heimildaöflun og úrvinnslu upplýsinga. Horft til eftirfarandi þátta við þróun sýningarinnar:

- Sýningin í heild útvíkkuð yfir stærra svæði og lengra tímabil.
- Öxarfjörðurinn allur tekinn fyrir og Kröflusvæðinu, Þeistareykjum og Gjástykki gerð skil, einkum frá 1975 til 1984.
- Minjagripir þróaðir, m.a. í samstarfi við heimaaðila og skólastarfið, og sala þeirra felld að starfseminni.
- Útgáfa á efni með upplýsingum um tímabilið þegar mestu jarðhræringarnar urðu þar sem skjálftavirkni verður útgangspunktur. Áhersla á jarðfræðilegar og sögulegar upplýsingar ásamt frásögnum og myndum.
- Lögð áhersla á aukna kynningu og markaðsstarf fyrir sumarið 2009, með áherslu á samstarf við Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur og Gljúfrastofu.
- Aukinn opnunartími sýningar, þ.e. frá morgni til kvölds alla daga sumars.

Í öðrum áfanga er horft til þess að reka sýninguna áfram í bráðabirgðahúsnæði í Grunnskólanum á Kópaskeri.

Mannaflapörf verður áþekk og við fyrsta áfanga, þ.e. 1-3 starfsmenn.

3. áfangi

Tími:	2009, sept.-des.	
	2010	Undirbún. og þróun sýningar í nýju húsnæði
	2011+	Framtíðarrekstur metnaðarfullrar jarðskjálfta-sýningar í eigin húsnæði.

Þriðji áfangi er öðru fremur framtíðarsýn á verkefnið sem ekki verður útfærð nákvæmlega í þessari greinargerð. Stefnt að því að undirbúa og opna vandaða og glæsilega heilsársýningu í eigin framtíðarhúsnæði.

Í þriðja áfanga verður rekstri sýningarinnar komið á legg til framtíðar. Horft til eftirfarandi þátta:

- Framtíðarhúsnæði Jarðskjálftasetursins fundið og innréttað.
- Rekstrarform ákveðið til framtíðar, hugsanlega í samráði við Menningarmiðstöð Þingeyinga og Byggðasafn Norður-Þingeyinga.
- Heilsársrekstri sýningar komið á.
- Áhersla á samstarf við fræðimenn, námsmenn og fagstofnanir
- Samvinna við ferðaþjónustuaðila, heimskautsgerði á Raufarhöfn, þjóðgarðsýfirvöld og aðra um kynningarstarf og þróun afþreyingarleiða í Norður-Þingeyjarsýslu.

Í 3. áfanga er gert ráð fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða endurbyggingu húsnæðis miðsvæðis á Kópaskeri, sem sniðið verður að þörfum Jarðskjálftasetursins. Sýningin eflað með skjálftaherbergi, "sýndarskjálfta" og aðstöðu fyrir fræðimenn/námsmenn.

JARÐSKJÁLFTAR OG KÓPASKER?

Í Norður-Atlandshafinu eru skil á milli Ameríkuflekans og Evrasíuflekans sem ganga gegnum Ísland frá suðvesturhorninu gegnum landið til norðausturs. Skil flekanna á norðaustanverðu landinu eru talin liggja um eystra gosbeltið frá Vonarskarði norður um til Öxarfjarðar. Á landgrunninu frá botni Öxarfjarðar í stefnu norður fyrir Grímsey liggur þverbrotabelti allt vestur á Kolbeinseyjarhrygg. Annað greinilegt þverbrotabelti er frá Húsavíkurfjalli um Flatey og norður fyrir minni Eyjafjarðar. Á Íslandi er talið að gliðnun milli flekanna sé um 1-2 sm á ári. Gliðnuninni fylgja jarðskjálftar, öflugustu jarðskjálftarnir eru gjarnan á þverbrotabeltunum, þ.e. á landgrunninu við Norðausturland og á Suðurlandi.

Kópasker er staðsett á norðausturhorni Íslands á þeim stað sem Atlandshafshryggurinn gengur í sjó til norðurs. Segja má að þorpið Kópasker sé því staðsett á flekamótum Evrasíuflekans og Ameríkuflekans og sé að auki nyrsta byggð Atlandshafshryggjarins.

Jarðskjálftar finnast allfitt á Kópaskeri sökum þessara jarðfræðilegu aðstæðna. Þekktastur síðari tíma skjálfta er hinn svokallaði Kópaskersskjálfti sem varð þann 13. janúar árið 1976. Kópaskersskjálftinn var mjög snarpur þar sem hann mældist yfir 6 á Richter og voru upptök hans mjög nærri þorpinu. Skjálftinn er því meðal áhrifameiri jarðskjálfta á Íslandi á síðustu áratugum.

Jarðskjálftar finnast allfitt á Kópaskerssvæðinu sökum staðsetningar á flekamótum Evrasíuflekans og Ameríkuflekans. Kópaskersskjálftinn árið 1976 er meðal áhrifameiri jarðskjálfta á Íslandi síðustu áratugi.

ÁVINNINGUR

Fyrir Kópasker og Norður-Þingeyjarsýslu

Á Kópaskeri hefur verið mikil vöntun á starfsemi eða viðburði sem hefur verulegt aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Viðvarandi fólksfækkun hefur verið á svæðinu kringum Kópasker, m.a. fyrir samdrátt og breytingar í sjávarútvegi á undanförunum misserum. Á meðan ferðaþjónusta hefur eflst í suðurhluta Þingeyjarsýslna á undanförunum árum (Húsavík, Mývatn, Þjóðgarðurinn við Jökulsárgljúfur) hefur lítil þróun orðið í ferðaþjónustu austan Jökulsár á Fjöllum. Mikil ónýtt tækifæri liggja í því að framlengja ferðir gesta Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur til austurs að Kópaskeri, inn á Melrakkaslétu og til Raufarhafnar. Árlegur fjöldi gesta Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur hefur verið talinn yfir 100 þúsund. Náttúrufarsleg sérstaða Þjóðgarðsins byggir að verulegu leyti á jarðfræði og einstæðum jarðminjum. Með góðu samstarfi við Gljúfrastofu og starfsfólk Þjóðgarðsins má því ætla mikil tækifæri liggja í því að ná að toga hluta þessara gesta lengra inn í norðurhluta Þingeyjarsýslna. Þessi stefna fellur að þeirri framtíðarsýn sem mótuð hefur verið um ferðaþjónustu á Norðausturhorninu með uppbyggingu Heimskautagerðis á Raufarhöfn og samstarfi frumkvöðla á sviði ferðaþjónustu.

Fyrir Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur (Vatnajökulsþjóðgarð)

Ætla má að gagnkvæmur ávinningur geti hlotist af rekstri Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri og sýningar Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur í Gljúfrastofu, sem mikið byggir á jarðfræði og jarðminjum. Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri mun þannig auka upplifunar- og fræðslumöguleika fyrir gesti Þjóðgarðsins og skapa möguleika til að dýpka umfjöllun og fræðslu um jarðfræði svæðisins og landsins.

Fyrir Þjóðina

Efling og aukning afþreyingarmöguleika í ferðaþjónustu er afar mikilvæg fyrir framtíðarþúsetu í dreifðari byggðum. Norðausturhluti Íslands er mjög víðfemt en jafnframt dreifbyggt svæði. Það dylst ekki frumkvöðlum verkefnisins hversu mikilvægt það er fyrir litla þjóð í stóru landi að viðhalda blómlegri byggð sem víðast í eigin landi. Sú sýn endurspeglast með skýrum hætti í því hversu nauðsynlegt það er fyrir framtíðarþróun ferðaþjónustu á Íslandi að treystir verði innviðir ferðaþjónustu hvað varðar afþreyingu og þjónustu á dreifbýlli svæðum.

Mikill og gagnkvæmur ávinningur mun skapast af stofnun Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri fyrir samfélagið, bæði nærumhverfið og þjóðina.

SAMSTARF

Meningarmiðstöð Þingeyinga (Byggðasafn Norður-Þingeyinga)

Við uppbyggingu og rekstur Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri er gert ráð fyrir samvinnu við Menningarmiðstöð Þingeyinga, sem rekur Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum við Kópasker. Ýmsir möguleikar eru á samstarfi, einkum í sambandi við rekstur byggðasafns á Kópaskeri. *Skjálftafélagið* getur þannig átt samstarf við Menningarmiðstöðina í fyrstu áföngum með því að sækja eftir kröftum þeirrar stofnunar til faglegrar útfærslu sýningarinnar og mögulegt samstarfi um rekstur sýningar. Áform um stofnun og rekstur Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri voru kynnt Menningarmiðstöð Þingeyinga í september 2007. Samráð verður haft áfram við Menningarmiðstöðina við þróun verkefnisins.

Þjóðgarðurinn við Jökulsárgljúfur (Vatnajökulsþjóðgarður)

Samstarf við Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur (Vatnajökulsþjóðgarður) um markaðsstarf og kynningu jarðskjálftasýningar mun að líkindum hafa gagnkvæman ávinning í för með sér eins og áður hefur verið greint frá. Stefnt er að því að hafa samstarf við forsvarsfólk Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur um kynningu Jarðskjálftasetursins í tengslum við sýninguna í Gljúfrastofu, upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins. Með kynningu á Jarðskjálftasetrinu og vísun á staðsetningu þess í Gljúfrastofu má ætla að góðar líkur séu á því að hluti gesta þjóðgarðsins fái til að lengja leið sína um nokkra tugi kílómetra til norðurs/austurs. Með þessu móti skapast möguleikar á því að koma aukinni hringumferð ferðafólks um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn og í átt að Langanesi.

Norðurþing

Sveitarfélagið Norðurþing hefur komið með beinum hætti að undirbúningi að stofnun Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur komið að stofnun Skjálftafélagsins og þróunar- og hugmyndavinnu. Sveitarfélagið kemur að rekstri Menningarmiðstöðvar Þingeyinga ásamt fleiri sveitarfélögum og mun þannig koma að samstarfi sem haft verður við þá stofnun.

Aðrir

Við stofnun og rekstur Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri verður leitast við að eiga samstarf við alla þá aðila sem tengst geta starfseminni eða aukið veg hennar, sérstaklega fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga í heimahéraði. Ráðgert er að skapa tengsl milli reksturs Jarðskjálftasetursins og *grunnskóla* á svæðinu, t.a.m. með nemendaverkefnum á sviði jarðskjálfta og jarðfræði. Einnig verður leitast við að ná aðkomu fyrirtækja og atvinnulífs í héraðinu að verkefninu með óbeinum eða beinum hætti. Uppbygging verkefnisins verður áfram í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, sem vinnur markvisst að samstarfi frumkvöðla og ferðaþjónustuaðila í Norður-Þingeyingjarsýslu og austur á Bakkafjörð. Einnig er ráðgert að skapa virk tengsl við Þekkingarsetur Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturlands á sviði rannsókna.

Leitast verður við að virkja stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í Þingeyjarsýslum eins og kostur er til samstarfs, m.a. Menningarmiðstöð Þingeyinga og Þjóðgarðurinn við Jökulsárgljúfur (Vatnajökulsþjóðgarður).

FJÁRHAGUR

1. ÁFANGI

Stofn- og rekstrarkostnaður

Eins og fram hefur komið er áformað að byggja Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri upp í 3 áföngum. Kostnaðaráætlun tekur mið af þessu. Í þessari greinargerð er eingöngu gerð kostnaðaráætlun miðað við 1. áfanga. Kostnaður við síðari áfanga verður áætlaður og kynntur síðar.

Í 1. áfanga verður setrið stofnað og stefnt að því að opna og reka jarðskjálftasýningu sumarið 2008. Stofn- og rekstrarkostnaður við þennan áfanga er því í lágmarki og miðast við það að fá hagstætt ónotað húsnæði til leigu og þurfa ekki að leggja mikið út fyrir sýningargögnum og -tækjum.

Kostnaður 1. áfanga	ísl. kr.
Laun og launatengd gjöld	5.580.000 kr.
Sýningargögn (prentun, uppsetning)	730.000 kr.
Húsnæði (leiga, breytingar, rekstur)	1.300.000 kr.
Tæki og búnaður	900.000 kr.
Samtals	8.510.000 kr.

Fjármögnun

Til að koma Jarðskjálftasetrinu á Kópaskeri á legg þarf stofnfjárveitingu úr ríkissjóði. Áætlað er að um 7 m.kr þurfi að koma úr ríkissjóði en 1,5 m.kr. fáist með styrkjum í heimahéraði. Að loknu stofnférlinu í 1. og 2. áfanga er ráðgert að rekstur muni komast í fjárhagslegan farveg sem ekki útheimti fjárveitingar til grunnrekstursins í gegnum fjárlaganefnd Alþingis.

Fjármögnun 1. áfanga	ísl. kr.
Ríkissjóður (fjárlaganefnd)	7.000.000 kr.
Aðrir styrkir	1.510.000 kr.
Samtals	8.510.000 kr.

2. og 3 ÁFANGI

Ekki verður gerð kostnaðaráætlun fyrir 2. og 3. áfanga í þessari greinargerð.

Heildarútgjöld við 1. áfanga að uppbyggingu Jarðskjálftaseturs á Kópaskeri eru áætluð 8.510.000 kr.